

06. febrúar 2023

Hafnarfjörður hlýtur Orðsporið 2023

Dagur leikskólans er í dag, 6. febrúar. Hefðbundið er að veita Orðsporið, hvatningarverðlaun leikskólans, á þessum merkilega degi.

Hafnarfjarðarbær hlýtur Orðsporið 2023. Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, og Sigurður Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda leikskóla, afhentu Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, viðurkenninguna við hátíðlega athöfn.

Hafnarfjarðarbær fær Orðsporið fyrir að samræma starfstíma í leikskólum og grunnskólum bæjarins og gera þannig skólaárið á þessum tveimur skólastigum sambærilegt. Hafnarfjörður er fyrsta sveitarfélagið til að stíga þetta skref.

Stjórn Félags leikskólakennara fagnaði þessari breytingu á dögnum og sagði markmiðið „að búa til aðlaðandi starfsaðstæður fyrir kennara á leikskólastiginu, fjölga kennurum í leikskólum bæjarins og auka þar með fagmennsku og bæta gæði náms börnum til heilla“.

Kosið var um fulla styttingu vinnutíma í öllum sautján leikskólum Hafnarfjarðar og var tillagan samþykkt alls staðar. Viðvera verður áfram 40 stundir á viku yfir árið. Alls verða 26 dagar teknir út í svokölluðum *betri vinnutíma* í leikskólum, um jól, páska, að sumri og í formi vetrarfrís. Skólaárið í leikskólum Hafnarfjarðar er því orðið sambærilegt við skólaárið í grunnskólum bæjarins. Einnig hefur stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra verið aukið til muna, til þess að sinna faglegri leiðsögn og efla móttöku og þjálfun nýliða – og stuðla þannig enn frekar að því að styrkja innra starf leikskólanna.

Að Orðsporinu standa Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla.

Kennarasamband Íslands óskar Hafnarfjarðarbæ til hamingju með viðurkenninguna.